

- nokkuð um tildrögin til þess, að brugðið var frá eldri venju í þessu efni.
10. Ennfremur ber að útvega skýrslu um það, í hvaða hreppum sýslunnar gjaldvodafonearmál var verðlagt í verðlagsskýrslunum haustin 1898, 1899 og 1900.
  11. Svo verður rannsóknardómarinn ennfremur að útvega allar þær skýrslur aðrar, sem þessi framhaldsrannsókn málsins kann að gefa til efni til.

Því úrskurðast:

Rannsóknardómaranum ber að útvega allar ofanefndar skýrslur svo fljótt sem unnt er.

Mánudaginn 2. febrúarmánaðar.

Nr. 33/1902:

Réttvísinn

gegn

Stefáni Guðmundssyni og

Óla Jóni Jónssyni.

Úrskurður:

Eftir að yfirdómurinn með úrskurði uppkveðnum 12. f. m. hafði fyrirskipað itarlegri próf í máli þessu, hefir hann fengið í hendur eiginhandarvottorð prestsins Jósefs Kr. Hjörleifssonar á Breiðabólstað á Skógarströnd og 4. blað XXX. árg. blaðsins »Ísafoldar«, þar sem prentuð eru 2 vottorða-eftirrit, notarialiter staðfest eftir frumriti, annað undirritað af prestinum Eiríki Gíslasyni á

Prestbakka í Hrútafirði, en hitt af Sigurbirni Guðleifssyni í Ólafsvík.

Með því að þessi vottorð snerta mjög þetta mál og myndu, og ef þau væri sönn, styðja í ýmsu tilliti að upplýsingu þeirra atriða, er þótt hafa óljós í málinu, sérstaklega um tildrögin til þess, að breyting varð á venjunni, er áður var í nokkrum hreppum Snæfellsness- og Happadalssýslu, að verðleggja vadmál í verðlagsskýrslunum, þá þykir nauðsynlegt

1. að vottorðsgefendurnir verði yfirheyrðir um vottorðin og þau atriði, er þau greina frá, og skal eðfesta skýrslu þeirra;
2. að þeir menn, er nefndir eru í vottorðunum, og aðrir þeir, er upplýsingar geta gefið þar að lútandi, verði yfirheyrðir um það, er þeir vita viðvíkjandi því, er í vottorðunum er sagt, og öðrum atriðum, er málið snerta;
3. að sýslumaður Lárus H. Bjarnason verði yfirheyrður um það, er segir í vottorðunum, og sérstaklega um afskipti hans af samningu verðlagsskýrslanna og innkomu skýrslanna á sýsluskrifstofuna haustið 1900;
4. að nefndur sýslumaður verði krafinn ítarlegrar skýrslu um réttarrannsókn þá, sem tjáist hafa fram farið í Ólafsvík 20. júní f. á. »í verðlagsskrármálinu«, um upptök téðs máls og hvernig því nú er komið, svo að glögglega sjáist, hvort það stendur í nokkru sambandi við mál þetta, sem nú er fyrir yfirréttinum.
5. Svo ber og að útvega allar aðrar skýrslur og

upplýsingar í málinu, er hin nýju próf kynnu að gefa tilefni til eða sem álitast kynnu nauðsynlegar við ítarlegri prófun málsins.

Með því að samkvæmt ofansögðu þarf að yfirheyra dómarrann sýslumann Lárus H. Bjarnason, er haft hefir málið til meðferðar hingað til, verður óhjákvæmilegt, að framhaldsrannsókn málsins, sem fyrirskipuð er með þessum úrskurði og úrskurðinum 12. f. m., verði falið öðrum manni en nefndum sýslumanni, og væntir yfirdómurinn þess, að setudómari verði því skipaður til að fara með málið nú þegar, til þess að það megi hafa sem greiddastan gang.

#### Því úrskurðast:

Framangreinda framhaldsrannsókn ber að framkvæma svo fljótt sem unt er.

Mánudaginn 16. febrúarmánaðar.

Nr. 25/1902:

Jón Steinason  
gegn  
Jóni Helgasyni.

#### Dómur:

Hinn 1. okt. 1901 kom áfrýjandinn skipstjóri Jón Steinason inn í verzlunarbúð stefnda, kaupmanns Jóns Helgasonar hér í bænum. og sýndi honum ávísunarseðil, sem stefndi hafði gefið út til handhafa, að upphæð 5 kr. 74 a., og krafði hann um borgun á upphæðinni. Stefndi vildi eigi borga